

Umhverfisstofnun
Áb. _____
14. sep. 2015
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 7. september 2015
UST201508-132/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - fráveita Keflavíkurflugvöllur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða byggingu skólphreinsistöðvar fyrir Keflavíkurflugvöll við Djúpuvík í Sandgerðisbæ. Hreinsun sem þar mun fara fram er grófhreinsun á fráveituvatni frá Keflavíkurflugvelli. Slík hreinsun hefur þann tilgang að fjarlægja sjónmengun og fastan úrgang úr skólpinu.

Ráðgert er að leggja um 700 m langa útrás sunnan núverandi útrásar. Fram kemur að ný lög muni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og að losun fari fram í síður viðkvæman viðtaki. Ætla má að viðtaki fyrir opnu hafi sé jafnan góður viðtaki. Hinsvegar finnur Umhverfisstofnun ekki hjá sér gögn sem sýna að viðkomandi viðtaki hafi verið skilgreindur síður viðkvæmur skv. ákvæðum 3. tl. 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en þar er Umhverfisstofnun ætlað að samþykkja slíka skilgreiningu til að hún taki gildi.

Þar sem skólp magn frá flugvellingum nær ekki 10.000 pe. á að hreinsa skólpið með svokallaðri viðunandi hreinsun, sbr. ákvæði 24. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp. Það er viðkomandi heilbrigðisnefndar að ákvarða hvað telst viðunandi, sbr. 14 og 15. gr. reglugerðarinnar. Ekki kemur fram hvort sú lausn sem kynnt er hafi verið samþykkt af heilbrigðisnefnd.


Ljóst er að núverandi sjóútrás uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem lögnin er of stutt og engin hreinsun fer fram.


Nýtt hreinsivirki verður hannað þannig að það ráði við áætlað magn persónueininga til ársins 2040 í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar teljast vera jákvæð áhrif á fjörur og strendur vegna hreinsunar og lengri sjóútrásar. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur verið raskað við ýmsar fyrri framkvæmdir.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri